

Foreldraráð Leikskóli Seltjarnarnes

Fundargerð 1. stjórnarfundar, starfstímabilið 2014-15

Föstudagur 29.ágúst kl. 08:20.

Mættir voru Anna Harðardóttir, Svana Davíðsdóttir, Haukur Hauksson og Saga Ómarsdóttir.

- 1) Foreldraráði barst kvörtun frá foreldri vegna meints brot á formreglun varðandi innritun barns á Leikskóla Seltjarnarnes í júní 2014. Í kjölfarið fundaði foreldraráð með fræðslufulltrúa bæjarins þar sem í ljós kom að um mistök hafi verið að ræða við inntöku þessa barns sem bæði fræðslufulltrúi og leikskólastjóri harma. Foreldraráð telur það mjög óheppilegt og í raun óásættanlegt að reglur hafi verið brotnar við inntöku umrædds barns á leikskólann og hefur lýst yfir þeirri skoðun sinni við fræðslufulltrúa og leikskólastjóra. Staðan er hins vegar sú að ljóst er að öll börn sem gengið var framhjá við brot á umræddum reglum hafa nú þegar hafið vistun á viðeigandi deildum leikskólans. Í kjölfar þessa máls liggur fyrir að innritunareglum um forgang við leikskóla Seltjarnarnes sem og verkferlum verða settir í tengslum við samþykki á umsóknum um forgang.
- 2) Holt, útisvæði. Ljóst er að ekkert hefur verið unnið að gerð útisvæðis fyrir yngstu deild Leikskólans í sumar sem er til skammar. Foreldraráð sendir ítrekun á bærarstjóra.
- 3) Einnig ákveðið að senda ítrekun á gerð langtímaáætlunar á húsnæðismálum leikskólans og er þá átt við jafnt inni – sem útisvæðis, skólanámsskrárar og könnun til foreldra meðal annars um vistunartíma.
- 4) Úttekt var gerð á Leikskóla Seltjarnarnes í febrúar 2014. Úttektin var unnin á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið. Fræðslufulltrúi var búin að senda svör við fyrstu skýrslu og nú er komin seinni skýrsla með dagsetningum. Foreldraráð mun skoða og fara yfir þessa skýrslu á næsta fundi.
- 5) Enn er ekkert efni hægt að finna á erlendum tungumálum á vef leikskólans.
- 6) Finna má fundargerðir á vefnum fram til apríl 2014.

Fundi slitið 09:00

Fundargerð ritaði Saga Ómarsdóttir